

10. febrúar 2021

## Leirvogstunga – Fjarskiptamastur

**Til:** Skipulagsnefnd Mosfellssbæjar

Nova hefur sótt um leyfi til að reisa mastur við Tungubakka sem er ætlað að þjónusta hverfið í Leirvogstungu. Kemur þetta í kjölfar kvartana viðskiptavina í hverfinu um sambandsleysi og slitum. Það er áhyggjuefni og tímaspursmál hvenær neyðarsímtöl í 112 náist ekki í gegn. Sama vandamál er líklega hjá öðrum fjarskiptafélögum og því var Símanum boðið að nýta sér þetta mastur með Nova og reyna í sameiningu að laga fjarskiptasambandið í kring. Vodafone mun einnig verða með í rekstri þarna.

Upphaflega var sótt um 12m hátt mastur enda ekki komin beiðni frá Símanum. Þegar sú beiðni barst þá er upphafleg hæð ekki hentug þar sem annar aðilinn þarf að staðsetja sín loftnet ca 2m neðar en hinn. Þá var sótt um breytingu og óskað eftir leyfi fyrir 18m háu mastri. Sem er talin vera nóg hæð fyrir alla aðila.

Það er talsvert hagræði að byggja þetta upp í sameiningu. Einungis þarf að grafa fyrir og steypa eina undirstöðu. Hægt er að nota bara 1 mastur og rafmagn og ljósleiðari er samýttur. Með þessu móti er hægt að gera þetta á hagkvæmari hátt og sparnaðinn á öðrum sambærilegum stöðum. Við teljum að 2 möstur á sitthvorum staðnum hafa meiri áhrif á útlit og útsýnið og vekja upp spurningar íbúa. Líklega mun hæðin á mastrinu ekki breyta neinu í skoðunum íbúa hvort sem það endar í 12-16 eða 18m hæð. Reynt var að velja staðsetninguna til að fella mastrið inn í tréin við hliðina og þannig taka íbúar minna eftir því. Í rauninni skiptir það ekki höfuðmáli hvar nákvæmlega mastrið er staðsett á meðan þetta er í nálægð við byggðina og í trjágarðinum. Ef reisa ætti 2 minni möstur þá er ekki nauðsynlegt að þau séu nákvæmlega á sömu stöðum. Má skoða að hafa þau í sitthvorum endanum á trjágarðinum og jafnvel má skoða að setja upp lítið mastur ofan við byggðina sem vegur upp á móti hinu. Þetta er að sjálfsögðu miklu dýrari lausn og meira rask ásamt fleiri stöðum sem fólk gæti haft skoðun á.

Við óskum því eftir nánari svörum hvernig er best að haga þessari umsókn og hvað skipulagsnefndin hefur í huga þegar kemur að því að leysa fjarskiptin í þessu hverfi. Hver væri leyfileg hámarkshæð á mastrinu? Hvaða staðsetningar aðrar en þessar koma til greina?

Í framhaldi mun þetta mál vonandi verða til þess að haft er í huga fjarskiptamál almennt þegar ný hverfi eru skipulögð og í samráði við fjarskiptafélögin sem eru tilbúin að ráðleggja og aðstoða við þá vinnu.

---

**Hjörtur Líndal**

Dreifikerfi Nova

Iðnaðartæknifræðingur

S: 770-1162

[hjortur@nova.is](mailto:hjortur@nova.is)